

## **AKUREYRI Í FRAMTÍÐINNI**

Í tilefni af 10 ára afmæli útilistaverksins Íslandsklukkunnar eftir Kristinn E. Hrafnsson, hér við Háskólann á Akureyri, var ákveðið að efna til smásagnasamkeppni meðal nemenda í 5. bekk grunnskólanna á Akureyri um framtíðarsýn þeirra fyrir bæinn okkar – og hér stand ég nú, vel stálpaður nemandi í grunnskóla lífsins og flyt ykkur stutt erindi um sama efni.

Hver er framtíðarsýn mín fyrir Akureyri?

Jú, hún er í sem fæstum orðum sú að við höldum áfram því uppbyggingarstarfi sem hér hefur verið unnið, að við höldum ótrauð áfram að efla og styrkja grundvöll atvinnulífsins, að bærinn vaxi og dafni og styrki sig enn frekar í sessi sem miðstöð mannlífs og þjónustu á Norðurlandi öllu.

—

Ýmsir merkimiðar hafa verið hengdir á bæinn okkar í gegnum tíðina:

Hann hefur verið kallaður skólabær,  
menningarbær, ferðamannabær, ípróttabær,

fjölskyldubær – og fyrir um 30 árum var Akureyri fyrst og fremst iðnaðarbær. Það var þegar Sambandsverksmiðjurnar iðuðu af lífi á Gleráreyrum, hér skammt neðan Háskólans, og Iðunn, Gefjun og Hekla framleiddu úlpur, teppi, buxur, gæruskinn, skó og fleira í stórum stíl.

Starfsmenn í verksmiðjunum voru rúmlega 1.000 þegar mest var árið 1977 en undir lok níunda áratugarins fór mjög að halla undan fæti í rekstrinum og starfsemin leið endanlega undir lok árið 1993.

Um svipað leyti og starfsfólki verksmiðjanna tók að fækka mjög, var Háskólinn á Akureyri stofnaður, árið 1987, og má segja að smám saman hafi iðnaðarbærinn breyst í ennþá meiri skólabæ en þá þegar var orðið.

Ef til vill er það nokkur einföldun, en þó má halda því fram með góðum rökum, að Háskólinn á Akureyri hafi fyllt það skarð sem Sambandsverksmiðjurnar skildu eftir sig í atvinnulífi bæjarins. Við háskólann starfa nú um 180 manns en það er ekki allt, því nám er vinna, og þar starfa einnig um 1.550 nemendur sem sitja svip sinn á bæjarlífið.

Sambandsverksmiðjurnar voru burðarásinn í atvinnulífi bæjarins á sínum tíma en varla er ofmælt að háskólinn sé hin eina sanna stóriðja Akureyringa nú um stundir. Skólinn hefur fest sig í sessi og vaxið með miklum hraða, þrátt fyrir að ýmis ljón hafi verið í veginum og fjárveitingar ríkisvaldsins á stundum skornar við nögl.

Þúsundir Akureyringa eru námsmenn eða starfa við skólastofnanir bæjarins – leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskóla – og enn fleiri í afleiddum störfum við þjónustu, rannsóknir og fleira þvíumlíkt.

Framtíð byggðar við Eyjafjörð sýnist mér vera fólgin í virkjunum – stórum og kraftmiklum virkjunum hugmyndanna, virkjun menningar og mennta, virkjun fólksins sjálfs.

Bókvitið verður sannarlega í askana látið. Bókvitið og þekkingin, færnin, menntunin og menningin, tæknin og vísindin, færa okkur hagsæld, framþróun, hagvöxt og velmegun.

Bæjaryfirvöld á Akureyri gera sér fulla grein fyrir þessu og því verður áfram róíð að því öllum árum

að halda merki skólabæjarins Akureyrar hátt á lofti um ókomna framtíð.

---

En það er fleira matur en feitt ket og því þarf fleira í aska bæjarlífsins en menningu og menntun.

Þess vegna leggjum við ofuráherslu á að snúa vörn í sókn í erfiðu árferði og styrkja það atvinnulíf sem hér þrífst í iðnaði, verslun og ýmis konar þjónustu. Bæjaryfirvöld vilja leggja sitt af mörkum til að stór og smá fyrirtæki geti þrífst og vaxið enn frekar í nýsköpun og sókn á nýja markaði.

Við styðjum klasasamstarf því við vitum að samlegðaráhrif ólíkra atvinnugreina, sem starfa saman, geta verið mikil og til góðs. Við höfum ráðið til starfa sérstakan verkefnastjóra atvinnumála sem við bindum miklar vonir við og viljum að leggi fyrst og fremst fyrirtækjum í bænum lið, auk þess sem hlutverk hans til lengri tíma verður að laða hingað ný fyrirtæki og einnig stofnanir á vegum opinberrar stjórnsýslu, að hluta eða í heild.

---

Við viljum efla Sjúkrahúsið á Akureyri og færa út starfsemi þess eins og kostur er í takt við nýja tíma. FSA er annar stærsti atvinnuveitandinn í bænum og sinnir afar mikilvægu hlutverki – ekki aðeins fyrir Akureyringa og Norðlendinga, heldur einnig fyrir landsmenn alla sem varasjúkrahús landsins utan höfuðborgarsvæðisins með tilliti til almannavarna.

Og sé horft til þess niðurskurðar sem boðaður hefur verið á landsbyggðinni í heilbrigðismálum, þá má einnig ljóst vera að við verðum að standa vörð um FSA og efla sjúkrahúsið svo það sé í stakk búið að taka við ýmsum verkefnum smærri stofnana í kringum okkur sem þola mega alvarlegan niðurskurð fjárveitinga.

Við kunnum okkar fag á þessu sviði sem ýmsum öðrum: Það sannast þegar litið er til þess frábæra starfs sem unnið er á FSA og ekki síður á Heilsugæslustöðinni á Akureyri þar sem unnið hefur verið svo gott starf að eftir er tekið á landsvísu.

Þetta er eitt af þeim leiðarljósum sem ég sé inn í framtíð Akureyrar – að styrkari stoðum verði rennt

undir rekstur smærri og stærri fyrirtækja, að Háskólinn verði eflur og sömuleiðis Sjúkrahúsið og heilsugæslan.

---

Og hvað fleira? Jú, ég sé fyrir mér að hér verði öflug starfsemi á öllum sviðum atvinnulífs og þjónustu; að bærinn haldi áfram að vera öflugt mótvægi við höfuðborgarsvæðið og að Eyjafjörður allur verði sameinaður í eitt stórt og sterkt sveitarfélag.

Við Eyjafjörð eru nú sjö sveitarfélög með um 24.000 íbúum. Þau eru – talið að vestan og utan, fram fjörðinn og út aftur að austanverðu: Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur. Af þessum 24.000 íbúum búa rétt innan við 18.000 á Akureyri – en fæstir eru íbúar Grýtubakkahrepps, innan við 350.

Að mínu viti gefur það auga leið að sameina á öll þessi sveitarfélög í eitt stórt og sterkt sveitarfélag sem unnið gæti að bættum hag allra íbúanna. Samlegðaráhrifin væru augljós og hagræðið

sömuleiðis. Því stærri og fleiri sem við erum, því meiri verður slagkrafturinn. Við drögum úr yfirbyggingu sveitarfélaganna, gerum rekstur félagslega kerfisins og annarrar þjónstu við íbúana hagkvæmari og skynsamlegri. Þannig mun okkur vaxa ásmegin.

Akureyri hefur nú þegar sameinast Hrísey, árið 2004, og Grímsey, árið 2009 – það er að mínu mati tímaspursmál hvenær fleiri sveitarfélög bætast í hópinn og í framtíðarsýn minni verðum við loks öll sameinuð í einu stóru sveitarfélagi.

Með sameiningu sem flestra sveitarfélaga gerum við íbúunum kleift að njóta þess besta sem nútímasamfélag hefur upp á að bjóða hvort heldur sem er í grunnþjónustu á sviði heilsugæslu og menntunar eða afþreyingar og menningar. Hagkvæmni stærðarinnar er augljós og öll óþarfa yfirbygging er tímaskekkja.

Og ég vil einnig horfa út fyrir fjörðinn, skoða málið í víðara samhengi og efla þá góðu samvinnu sem við höfum átt t.d. við vini okkar í Norðurþingi. Sameiginleg hagsmunamál okkar eru mörg, má þar nefna atvinnumál, heilsugæslu og samgöngur. Við höfum átt gott samstarf við Þingeyinga og

viljum styrkja tengsl okkar, þjappa okkur saman í þeim þrengingum og þeim niðurskurði sem blasir við – því sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér. Má einnig í þessu samhengi minna á gott starf Eyþings – sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum – sem hefur það beinlínis að markmiði að efla samvinnu sveitarfélaga í landshlutanum og gæta hagsmuna þeirra.

Þetta er eitt af þeim leiðarljósum sem ég sé inn í framtíð Akureyrar og fjarðarins alls: Að hér verði eitt stórt sveitarfélag með yfir 30.000 íbúum innan áratugar héðan í frá og að samvinna við sveitarfélög í Þingeyjarsýslum verði stóraukin.

—

Akureyringar og Eyfirðingar þurfa að standa vörð um fjöregg sín – líkt og Íslendingar allir hafa þurft að standa vörð um sjálfstæði sitt og fullveldi frá því snemma á 20. öld.

Við erum hér saman komin í dag til að fagna því að 92 ár eru liðin síðan Ísland varð fullvalda ríki, 1. desember árið 1918. Við heiðrum minningu forfeðranna sem börðust fyrir fullveldinu og létu

ekki deigan síga fyrr en fullu sjálfstæði var náð frá “kónginum í Kaupinhafn” árið 1944.

Sagt er að haustið 2008 hafi Ísland verið á barmi þjóðargjaldþrots – og gjaldþrota þjóð er ekki fullvalda þjóð. Því er kannski mikilvægara nú en nokkru sinni fyrr að við stöndum vörð um sjálfstæðið, auðlindirnar og fjöreggið. Og munum að auðlindir okkar eru ekki einvörðungu fólgnar í gæðum landsins, heldur líka og ekki síður í því góða fólki sem landið byggir.

---

Í upphafsorðum Íslandsklukkunnar eftir Halldór Kiljan Laxness, segir að sú hafi verið tíðin að íslenska þjóðin átti aðeins eina sameign sem metin varð til fjár. Það var klukka sem hékk fyrir gafli Lögréttuhússins á Þingvöllum við Öxará.

Sagan gerist á einu mesta niðurlægingarskeiði íslensku þjóðarinnar á 17. öld og var klukkan brotin niður af útsendara Danakonungs sem þurfti á málminum úr henni að halda til að endurreisa Kaupinhafn því það hafði geisað stríð.

Við Akureyringar eigum okkar eigin 10 ára Íslandsklukku sem aldrei verður af hendi látin og aldrei brotin niður til að þjóna þörfum annarra. Hún stendur hér sem tákn um kraftmikið menningarlíf, blómlega uppbyggingu, vonir, styrk og trú – trú á firðinum okkar, framtíðinni, landsfjórðungnum og fólkinu sem hann byggir.

Þetta er mín framtíðarsýn.

Þakka ykkur fyrir.